

Starf flugklasans Air 66N 20. okt. 2017 – 20. mars 2018

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Flugklasinn, ásamt Markaðsstofu Norðurlands, tók á móti samtals 63 blaðamönnum haustið 2017. Stærstu hóparnir voru annars vegar í kringum Iceland Airwaves á Norðurlandi og hins vegar Game of Thrones ferð í Mývatnssveit. Til viðbótar voru tvö verkefni á vegum Inspired by Iceland sem flugklasinn tók virkan þátt í, auk minni verkefna.

Fulltrúar flugklasans sóttu ferðaráðstefnuna World Travel Market í London 6.-8. Nóvember. Ráðstefnan er haldin árlega og er ein sú stærsta í heimi af þessu tagi. Þar náðust fundir með fulltrúum frá ferðaskrifstofum og flugrekstaraðilum í Bretlandi. Unnið er áfram með verkefni frá þessum fundum.

Í framhaldi af ráðstefnunni fóru fulltrúar flugklasans í heimsókn til höfuðstöðva Super Break í York. Heimsóknin var mjög gagnleg í alla staði og styrkti mjög samstarf flugklasans og Super Break í aðdraganda flugferðanna í janúar og febrúar 2018. Flugklasinn var með kynningu á Norðurlandi fyrir fimm mismunandi hópa starfsfólk ferðaskrifstofunnar (um 60 manns í allt) og fékk einnig að kynna starfinu þar innanhúss frá fyrstu hendi.

Flugfélög

Flugklasinn hélt kynningarfund 30. nóvember með Chris Hagan frá Super Break, þar sem hann kynnti ferðaskrifstofuna Super Break, áform þeirra í vetur og næstu misseri. Góður rómur var gerður að fundinum, enda mjög spennandi tímar framundan. Í framhaldi af fundinum gafst samstarfsfyrirtækjum MN kostur á að bóka 10 mínútna fundi með Chris til þess að kynna sitt fyrirtæki og koma sínu á framfæri. Voru rúmlega 30 fundarpláss í boði sem fylltust mjög fljótt.

Í janúar og febrúar voru svo á dagskrá 14 flugferðir frá 11 mismunandi flugvöllum í Bretlandi. Fyrsta flugvélin lenti 12. janúar og við það tækifæri hélt flugklasinn móttöku á flugvöllinum í samstarfi við Akureyrarbæ og Isavia. Þar mættu bæjarstjórinn á Akureyri, ráðherra ferðamála, fulltrúi Íslandsstofu, Chris Hagan og fleiri góðir gestir til að fagna þessum tímamótum. Síðar um daginn var haldin móttaka af sömu aðilum fyrir starfsfólk á flugvöllinum (Isavia, IGS, Tollstjóri, Lögreglan) þar sem þeim var þakkað þeirra framlag, m.a. af stjórnarformanni Super Break.



Vegna veðurs og ýmissra annarra þátta þá var 6 sinnum lent í Keflavík (af 15 landingum í heildina) í stað Akureyrar á þessu tímabili. Kom þar ýmislegt til. Ekkert skyggni vegna mikillar snjókomu var orsök in í 2 skipti, en það hefði bara verið einu sinni ef ekki hefðu komið til mistök við aðflug sem urðu til þess að landingu seinkaði og á meðan fór að snjóa. Í einhver skipti var ekki lent hér vegna þess að vindaskilyrði voru þannig að flugvélin sem notuð var í verkið var ekki nógu öflug til að klifra til suðurs fullhlaðin. Og afganginn er erfitt að útskýra með öðru en tregðu og/eða vanhæfni flugfélagsins sem tók verkefnið að sér. Það voru einnig vonbrigði að þegar á reyndi, neitaði flugfélagið að nota Egilsstaðaflugvöll til vara og fór undantekningarlaust til Keflavíkur ef ekki var hægt að lenda á Akureyri. Var það ekki í samræmi við upphaflegar áætlanir og óskir Super Break. Það er rétt að halda því til haga að veðurfar þessa tvo mánuði var óvenjulega stormasamt og hafði það vissulega neikvæð áhrif. Það er líka rétt að geta þess að Super Break er langt komið með að gera samning við annað flugfélag fyrir næsta vetur, sem hefur lofað öflugri þjálfun flugmanna og öflugri flugvélum til þess að vinna verkið. Því til viðbótar verður vonandi kominn nýr aðflugsbúnaður sem einnig mun hjálpa til. Super Break horfir því til næsta vetrar fullt bjartsýni.

Þrátt fyrir þessa byrjunarhnökra er Super Break ánægt með útkomuna og hyggst bjóða upp á mun fleiri flug næsta vetur – það stefnir í um 30 brottfarir í heildina. Gestirnir voru undantekningarlítið afar ánægð með heimsóknina hingað, fólkið, náttúruna, þjónustuna og nánast alla hluti. Búið er að setja í sölu pakka fyrir næsta vetur og salan lofar góðu nú þegar. Fyrsta flug verður 10. desember og svo er flogið tvisvar í viku á mánudögum og föstudögum fram í mars. Dæmi eru um að fólk sem kom núna í vetur sé búið að bóka aftur fyrir næsta vetur og það segir margt um ánægju gestanna. Jafnframt áformar Super Break að selja pakka hingað sumarið 2019 og eru þær vörur nú í vinnslu.



Air Iceland Connect tilkynnti nýlega um að félagið hyggðist hætta tengiflugi milli Akureyrar og Keflavíkurflugvallar í maí 2018. Eru þetta mikil vonbrigði fyrir ferðapjónustuna og Norðlendinga alla. Stutt er síðan flugið hófst og telja margir að lengri tíma hefði þurft fyrir flugið til að ná góðri fótfestu. Rannsóknamiðstöð ferðamála á Akureyri er að vinna könnun meðal farþega sem hafa nýtt sér þetta flug og verður fróðlegt að sjá niðurstöðurnar. Flugklasinn hefur nú þegar hafið vinnu við að leita að öðrum áhugasömum flugrekendum til að þjónusta þessa flugleið þegar AIC hættir.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Innra starf

Flugklasinn nýtti tækifærið sem gafst, þegar 2. og 3. vél Super Break lentu ekki á Akureyri og var snúið til Keflavíkur, til þess að vekja athygli á hversu mikilvægt það er fyrir flugvöllinn að fá ILS aðflugsbúnað fyrir aðflug úr norðri. Ísavia var byrjað að undirbúa uppsetningu slíks búnaðar, en ekki var búið að tryggja fjármögnun frá ríkinu. Fréttirnar og umræðan sköpuðu mikinn þrýsting og nú lítur út fyrir að slíkur búnaður verði settur upp fyrir næsta haust. Mun það auka nýtingarmöguleika flugvallarins.

Í kjördæmaviku í febrúar hitti fulltrúi flugklasans þingmenn kjördæmisins, þar sem til umræðu var staðan í flugmálum á svæðinu og sú brýna þörf á uppbyggingu og framtíðaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll og aðra innanlandsflugvelli á Norðurlandi.

Stjórn Eyþings hefur samþykkt að láta vinna uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll. Er áætluninni ætlað að taka á þeim verkefnum sem þarf að vinna á næstu árum til að byggja flugvöllinn upp til framtíðar fyrir aukna flugumferð, einkum frá millilandaflugi. Vonir standa til að hægt verði að hefja þessa vinnu fljótlega og skýrsla liggja fyrir um mitt sumar.

Hvað er framundan?

Flugklasinn mun taka þátt í framleiðslu á nýju kynningarmyndbandi fyrir Norðurland. Framleiðslan kemur í framhaldi af myndbandi sem gert var sumarið 2017 og að þessu sinni verður áherslan á vetur og vetrarafþreyingu. Búið er að semja við Tjarnargötuna í Reykjavík um að framleiða myndbandið, en það fyrirtæki vann síðasta myndband sem fékk mikið lof fyrir að vera vandað og vel gert. Vonir standa til að myndbandið verði tilbúið í lok apríl.

Flugklasinn kemur einnig að undirbúningi fyrir Skíðaferðina 5x5 eins og undanfarin ár, sem haldin er af MN og samstarfsfyrirtækjum og er hluti af Ski Iceland verkefninu. Ferðin verður 12. apríl n.k. og í hana er boðið fólki sem vill stuðla að eflingu á vetrarferðamennsku með skíði og skíðasvæði í forgrunni. Ferðin er mikilvægur hluti af kynningarstarfi á vetrarferðamennsku á Norðurlandi.

Flugklasinn mun halda ráðstefnu um flugmál föstudaginn 13. Apríl. Á fundinum er ætlunin að ræða um innanlandsflug og framtíðarstefnu í þeim málaflokki. Einnig framtíðarsýn fyrir Akureyrarflugvöll, hvernig staðan er og hvað þarf til að völlurinn geti sinnt sem best auknu millilandaflugi. Jafnframt verður fulltrúi Super Break með erindi þar sem rakin verður reynsla bresku ferðaskrifstofunnar af því að fljúga fólki hingað og dregið fram hversu mikil áhrif þessar flugferðir hafa fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi.

Fulltrúi flugklasans mun sækja ferðaráðstefnuna Routes Europe eins og undanfarin ár. Ráðstefnan verður að þessu sinni haldin á Spáni 22.-24. apríl n.k. Vonir standa til að fá góða fundi þar, eftir góða reynslu frá síðasta ári. Áhugi á Íslandi utan Reykjavíkur virðist alltaf vera að aukast og á Super Break stóran þátt í því að vekja þann áhuga. Framtak Super Break hefur þannig ekki einungis skilað hingað fleiri gestum, heldur líka komið Norðurlandi betur á kortið sem áfangastað.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Fyrirhugað er að flugklasinn og MN standi fyrir FAM ferð fyrir fulltrúa íslenskra ferðaskrifstofa í lok maí 2018. Er þetta fjórða ferðin af þessum toga síðustu misseri og að þessu sinni verður farið um svæðið frá austanverðum Eyjafirði til Húsavíkur.

Akureyri, 20. mars 2018
Hjalti Páll Þórarinsson
Verkefnastjóri Air 66N

